# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 639/1989 um innheimtu fóðurgjalda, með síðari breytingum.**

1. gr.

1. tl. 1. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. janúar 1995.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Af fóðurbirgðum sem eru í vörslu innflutningsaðila við gildistöku reglugerðar þessarar skal endurgreiða áður innheimt grunngjald samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 554/1993 um breytingu á rg. nr. 639/1989. Innflutningsaðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast endurgreiðslu gjaldsins.

*Lanbúnaðarráðuneytið, 29. desember 1994.*

F. h. r.
**Guðmundur Sigþórsson.**

*Jón Höskuldsson.*